

Ed.

576. Tillaga

til þingsályktunar um, að sýslumenn og bæjarfógetar megi ekki eiga sæti á þingi.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta þing frv. um, að sýslmenn og bæjarfógetar megi ekki eiga sæti á þingi.

Greinargerð.

Í sumum nágrannalöndunum hafa verið pólitísk æsingatímabil, þegar þess hefir þótt gæta, að einstöku dómara láta flokksfylgi ráða meir en rjettlæti í dómum sínum. Má nærri geta, að þar sem slík spilling kemst í starf dómara, er það einhver hættulegasta sýking í þjóðlíkamanum og verður flestn öðrn fram- ar til að gera stjórnmalabaráttuna heiskju blandna. Komi það fyrir, að dóm- ar sjeu dæmdir, sem almenningur trúir að sjeu gegnsýrðir af pólitísku hatri eða pólitískri spillingu, hverfur um leið sú tiltrú, sem hver dómstóll verður að njóta. Það, sem komið hefir fyrir erlendis, getur komið fyrir hjer. Með tillögu þessari er því gerð tilraun til að byrgja brunninn áður en barnið er dottið ofan í.